

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 308/2013**

2013/EES/64/22

frá 3. apríl 2013

um leyfi fyrir blöndu með *Lactobacillus plantarum* NCIMB 30083 og blöndu með *Lactobacillus plantarum* NCIMB 30084 sem fóduraukefni fyrir allar dýrategundir (*)FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

að aukefnin yrðu sett í flokkinn „tæknileg aukefni“ og í virka hópinn „aukefni í votfóður“. Umsóknunum fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í föðri⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í föður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 7. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 1.–4. mgr. 10. gr. hennar, eru sett fram sértæk ákvæði varðandi mat á vörum sem notaðar eru í Sambandinu sem aukefni í votfóður á þeim degi sem sú reglugerð tók gildi.
- 2) Í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 voru blanda með *Lactobacillus plantarum* NCIMB 30083 og blanda með *Lactobacillus plantarum* NCIMB 30084 færðar inn í skrá Evrópusambandsins yfir fóduraukefni, sem fyrirliggjandi vörur sem tilheyra virka hópnum aukefni í votfóður, fyrir allar dýrategundir.
- 3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, voru lagðar fram umsóknir um leyfi fyrir blöndunum sem fóduraukefnum fyrir allar dýrategundir og óskað eftir

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 94, 4.4.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 183/2013 frá 8. nóvember 2013 um breytingu á 1. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

(¹) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu frá 13. desember 2012⁽²⁾ að við tillögð notkunarskilyrði teljist viðkomandi blöndur öruggar fyrir marktægundirnar, fyrir neytendur afurða af dýrum sem fá meðhöndlað votfóður og fyrir umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að báðar blöndurnar geti bætt framleiðslu votfóðurs með því að auka geymsluþol þurrefna og draga úr niðurbroti prótíns í fódurjurtategundum sem er auðvelt og meðalærfitt að votverka. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóduraukefni í föðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.
- 5) Mat á blöndunum sem um er að ræða sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessara blandna eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Þar eð er ekki gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

(2) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(1), 3041.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Blöndurnar, sem tilheyra aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „aukefni í votföður“ og eru tilgreindar í viðaukanum, eru leyfðar sem aukefni í föður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Blöndurnar, sem eru tilgreindar í viðaukanum, og föður sem inniheldur blöndurnar, sem eru framleidd og merkt fyrir 24. október 2013 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 24. apríl 2013, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. apríl 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efniformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Ónnum ákvæði	Leyfi rennur út
						Pyrðingamyndandi einingar (CFU)/kg fersks efnis			
Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: aukefni í voffóður									
1K20736	—	<i>Lactobacillus plantarum</i> (NCIMB 30083)	Samsetning aukefnis Blanda með <i>Lactobacillus plantarum</i> (NCIMB 30083) sem inniheldur að lágmarki 5×10^{10} CFU/g aukefnis Lýsing á eiginleikum virka efnisins <i>Lactobacillus plantarum</i> (NCIMB 30083) Greiningaraðferð ⁽¹⁾ Ákvörðun á heildarföldu örvera í föður- aukefninu: dreifingaraðferð (EN 15787) Auðkenning: með rafdrætti á geli í púlssviði (PFGE)	Allar dýra- tegundir	—	—	—	1. Í notunarleifiðbeiningum með auk- efninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita og geymslulöpl. 2. Lágmarksskammtur aukefnisins ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í vottfóður: 1×10^8 CFU/kg fersks efnis. 3. Nota skal aukefnið í efni sem er auðvelt eða meðalerfitt að vottfóðurs- verka ⁽²⁾ . 4. Vardandi öryggi: Mælt er með að nota öndunarvörn og hlífðarhanska við meðhöndlun.	24. apríl 2023
1K20737	—	<i>Lactobacillus plantarum</i> (NCIMB 30084)	Samsetning aukefnis Blanda með <i>Lactobacillus plantarum</i> (NCIMB 30084) sem inniheldur að lágmarki 5×10^{10} CFU/g aukefnis Lýsing á eiginleikum virka efnisins <i>Lactobacillus plantarum</i> (NCIMB 30084) Greiningaraðferð ⁽¹⁾ Ákvörðun á heildarföldu örvera í föður- aukefninu: dreifingaraðferð (EN 15787) Auðkenning: með rafdrætti á geli í púlssviði (PFGE)	Allar dýra- tegundir	—	—	—	1. Í notunarleifiðbeiningum með auk- efninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita og geymslulöpl. 2. Lágmarksskammtur aukefnisins ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í vottfóður: 1×10^8 CFU/kg fersks efnis. 3. Nota skal aukefnið í efni sem er auð- velt eða meðalerfitt að vottfóðurs- verka ⁽²⁾ . 4. Vardandi öryggi: Mælt er með að nota öndunarvörn og hlífðarhanska við meðhöndlun.	24. apríl 2023

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi síð tölvísunarrámsóknarstofnunar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_fed_additives/Pages/index.aspx

(2) Föðurlitur sem er auðvelt að vottfóðursverka: > 3% leysanleg kolvetni í fersku efni. Föðurlitur sem er meðalerfitt að vottfóðursverka: 1,5–3,0% leysanleg kolvetni í fersku efni. Eins og skilgreint er með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 429/2008 (Stjórn. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 1).